

Stjórnarfundur haldinn í Búgarði mánudaginn 5. mars 2018. Mætt er: Bjarnveig, Þorgerður, Sigurður, Einar, Elvar, Ásdís. Forföll boðuðu Sigrún, Guðrún og Björgvin.

**1. Fundur settur.** Bjarnveig setti fund kl. 18:27.

**2. Fundargerð síðasta fundar.** Engar athugasemdir bárust, fundargerðin telst samþykkt.

**3. Innsend bréf.** Bréf dags. 26.2.2018. UMFÍ – Umræðupartý. Óskað var eftir sambandsaðilum til að hýsa umræðupartý fyrir ungt fólk. Umsóknarfrestur til 5. mars. Rætt, lagt til að hafa samráð við ungmennaráð sveitarfélaganna næst þegar svona umræðupartý verður auglýst – þá verði hægt að vera tilbúin að sækja um.

**4. Styrkumsóknir.** Engar.

**5. Ársþing.** Ársþing UMSE. Framkvæmdastjóri fór yfir það helsta er snýr að þinginu.

Dagsetning, 22. mars. kl. 18:00.

- Staðsetning. Laugarborg í Eyjafjarðarsveit.
- Umsjón. Umf. Samherjar. Framkvæmdastjóri hefur verið í sambandi við formann Umf. Samherja varðandi það sem snýr að Umf. Samherjum í tengslum við þinghaldið. Það þarf að útvega ritara og þingforseta.
- Veitingar. Ásdís ætlar að ræða við kvenfélagið á staðnum.
- Styrkumsókn vegna þingsins hefur verið send til Eyjafjarðarsveitar v/húsaleigu
- Annar kostnaður s.s. prentun og aðföng. Ætlum að láta prenta ca. 20-30 skýrslur. Einar ætlar að útvega penna. Ásdís kemur með blöð og prentara.
- Ársreikningar UMSE. Reikningarnir eru tilbúnir, það á eftir að fá skoðun á reikningana.
- Afreksmannasjóður. Reikningarnir eru tilbúnir, það á eftir að fá skoðun á reikningana.
- Fræðslu- og verkefnasjóður. Reikningarnir eru tilbúnir, það á eftir að fá skoðun á reikningana.
- Fjárhagsáætlun. Einar er með hana í vinnslu.
- Heiðursviðurkenningar. Framkvæmdastjóra falið að athuga með heiðursviðurkenningar frá ÍSÍ eða UMFÍ fyrir Garðar Níelsson. Reiknað er með 1-2 tilnefningum frá aðildarfélögum vegna starfsmerkis UMSE.
- Skýrsluskil. Flestar skýrslur félaganna eru komnar inn til UMSE. Það vantar skýrslur frá nefndum og formanni inn í ársskýrslu.
- Tillögur og seinna þingboð verður sent út fimmtudaginn 8. mars til félaganna.

**6. Önnur mál.**

Sigurður leggur til að mátunarsettið fyrir UMSE gallana verði til sýnis á ársþinginu.

Rætt almennt um að starf í mörgum félögum er deyjandi þar sem iðkendur fara til Akureyrar og það eru ekki þjálfarar á svæðinu.

**7. Tilhögun næsta fundar.**

Næsti fundur ákveðinn í Búgarði mánudaginn 19. mars kl. 17.00.

**8. Fundarslit.**

Bjarnveig sleit fundi kl. 20:20.

Einar Hafliðason, fundarritari

---

Bjarnveig Ingvadóttir, formaður UMSE

---